

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag fyrir Mýrarsel, Sveitarfélaginu Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. október 2005 samþykkt deiliskipulag fyrir Mýrarsel, Ölfusi, um 12,77 ha lands til að byggja á 7 smábýli, garðyrkjubýli, 5 frístundalóðir og sameiginlega lóð fyrir hesthús, sbr. 4. mgr. 25. gr. sömu laga og 2. mgr. gr. 6.4 í skipulagsreglugerð.

Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun. Aðkoma að landinu er frá Þjóðvegi nr. 374, Hvammsvegi.

Lóðir fyrir smábýli eru 0,5 til 1 ha að stærð. Heimild er fyrir einu einbýlishúsi og bílgeymslu á lóð, auk þess reitur fyrir lítið gróðurhús eða vinnustofu.

Tekið er frá svæði, 1 ha, til að byggja á allt að 3 hesthús.

Garðyrkjubýlið Mýrarsel er á um 2,67 ha landi. Á býlinu er heimilt að reisa 2 einbýlishús og allt að 6 gróðurhús. Um er að ræða eina lóð.

Svæðið er ekki fyrir beitarhólf fyrir hross eða aðrar skepnur. Óleyfilegt er að safna húsdýraáburði, úrgangi eða geyma heyrúllur utanhúss. Ekki verður leyft að reisa útihús, bifreiðageymslur eða vinnustofu á undan íbúðarhúsi á smábýlalóðum.

Á frístundahúsalóðum, sem eru um 0,5 ha að stærð er gert ráð fyrir einu frístundahúsi ásamt litlu úthúsi/gróðurhúsi á hverri lóð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 26. nóvember 2007.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. nóvember 2007